


## Uppskriftin að velgengni Norðurlanda á heimsvísu

**K**ynning á skýrslu samtaka atvinnulífsins á Norðurlöndum um hvernig Norðurlöndin geti brugðist við sífellt harðnandi alþjóðlegri samkeppni

- ásamt uppskrift að því hvernig Norðurlöndin geti treyst og viðhaldið þeirri góðu stöðu sem þau búa við á heimsmarkaði.



### Fylgiskjöl

1. Inngangur og samantekt  
*The Nordic recipe for global success* í íslenskri þýðingu.
2. Uppskriftin að velgengni Norðurlanda á heimsvísu í íslenskri þýðingu.

## Inngangur

Alþjóðlegt viðskiptaumhverfi breytist hratt. Af þeim sökum verða fyrirtæki að vera viðbúin vaxandi alþjóðlegri samkeppni. Nýta verður ný markaðstækifæri ef árangur á að nást á alþjóðamarkaði.

Norðurlöndin munu hagnast meira á hnattvæðingunni en stærri hagkerfi. Sem smáríki finnum við meira fyrir alþjóðlegri samkeppni en stór ríki. Smáríki eru einnig háðari erlendum fjárfestingum og útflutningi, og því er milliríkjaværslun þeim lífsnauðsynleg til að komast af á alþjóðamarkaði.

Alþjóðleg verkaskipting hefur aukist gríðarlega á síðustu árum. Fjarlægðir skipta minna máli en áður vegna tækniþróunar, bættra samgangna og framfara í samskiptatækni.

Opnun Mið- og Austur-Evrópu, Kína og Indlands skapar ný tækifæri, en einnig aukna samkeppni. Lágur launakostnaður og mikill hagvöxtur í þessum löndum er bein ógnun. Það er ekki náttúrulögmál að Norðurlöndin haldi stöðu sinni meðal fremstu þjóða í framtíðinni.

Það er áskorun fyrir fyrirtæki á Norðurlöndum að treysta og viðhalda þeirri góðu stöðu sem þau búa við á heimsmarkaði. Þau verða að vera leiðandi hvert á sínu sviði. Framleiðsluþæður verður sífellt fjármagnsfrækari og því er augljós þörf fyrir bætt vaxtarskilyrði vinnuafslækra þjónustugreina. Af þessum ástæðum er lífsnauðsynlegt að skapa báðum geirunum bætt starfsskilyrði í okkar heimshluta.

Norðurlöndin verða að halda áfram að styrkja stöðu sína á markaðstorgi heimsins. Hnattvæðingin býður upp á tækifæri sem gerir þeim kleift að vaxa og skapa þannig hagvöxt og velferð.

Skýrslan er ágríp af helstu áskorunum sem Norðurlöndin mæta og kynnir til sögunnar sameiginlega uppskrift að velgengni á heimsmarkaði.

Urban Bäckström,  
framkvæmdastjóri  
Svenskt näringsliv

Finn Bergesen,  
framkvæmdastjóri  
NHO -  
norsku samtaka atvinnulífsins

Hans Skov Christiansen  
framkvæmdastjóri  
Dansk industri

Ari Edwald,  
framkvæmdastjóri  
Samtök atvinnulífsins

Leif Fagernäs  
framkvæmdastjóri  
EK - finnsku samtaka atvinnulífsins

## Samantekt

Norðurlöndin standa frammi fyrir fjölda tækifæra og áskorana vegna hnattvæðingarinnar. Greiður aðgangur að upplýsingum, hraðar og ódýrar samgöngur, tækniþróun og einfaldar boðleiðir hafa stækkað athafnasvæði fyrirtækja verulega. Á móti kemur að fyrirtæki á Norðurlöndum þurfa nú að standa í beinni samkeppni við fyrirtæki frá fjarlægum heimshornum.

Hingað til hafa Norðurlöndin getað mætt þessari áskorun og hagnýtt sér þau tækifæri sem bjóðast á heimsmarkaði. Hlutfallslega smá og opin hagkerfi Norðurlanda leika sífellt stærra hlutverk í alþjóðlegri verkaskiptingu. Norðurlöndin þurfa hins vegar stöðugt að leggja mat á og aðlaga stefnumið sín í því skyni að skapa fyrirtækjum og íbúum sínum hagstæð skilyrði, sem mynda grundvöll fyrir hagvöxt og velmegun, ef þau ætla sér að vera áfram í fremstu röð á heimsvísu.

### Breyttir framleiðsluhættir

Mörg fyrirtæki kjósa að flytja vinnuafslfreka eða staðlaða framleiðslustarfsemi til landa þar sem launakostnaður er lægri en á Norðurlöndum, annað hvort til að auka hagnað sinn eða af nauðsyn til að standa sig í samkeppni.

Bættar samgöngur og flutningatækni hafa auðveldað fyrirtækjum að staðsetja framleiðslustarfsemi sína, að einhverju eða öllu leyti, um víða veröld, á sama tíma og framþróun í samskiptatækni hefur gert þeim kleift að stjórna framleiðslunni að heiman.

Þjóðhagslegur ávinningur útvistunar (e. outsourcing) er að miklu leyti háður því í hve miklum mæli störf skapast í stað þeirra sem hverfa, sem er að miklu leyti háð hreyfanleika og sveigjanleika vinnumarkaðarins. Rannsóknir sýna að Danmörk, og Bandaríkin einnig, hagnast í heild af útvistun en því er öfugt farið í Svíþjóð. Jákvæð áhrif útvistunar í Danmörku má rekja til sveigjanlegs vinnumarkaðar og því hversu vel hefur gengið að skapa störf í stað þeirra sem töpuðust. Rannsóknir sýna einnig að Bandaríkin hagnast meira á útvistun en Danmörk og Þýskaland tapar meira en Svíþjóð. Þessar niðurstöður undirstrika nauðsyn sveigjanleka á vinnumörkuðum Norðurlanda.

### Norðurlönd geta ekki keppt á grundvelli launakostnaðar

Vaxandi samkeppni á heimsvísu eykur nauðsyn þess að fyrirtæki á Norðurlöndum búi við góð skilyrði þannig að hagvexti og velmegun sé viðhaldið. Það blasir við að fyrirtæki á Norðurlöndum geta ekki eingöngu keppt á grundvelli launakostnaðarins eftir að fjöldi nýrra og opinna markaðshagkerfa, sem búa við lágan launakostnað, eru mætt til leiks. Norræn fyrirtæki verða að vera leiðandi í fjárfestingum í afkastamiklum tækjabúnaði, í rannsóknum og nýsköpun, og í menntun starfsfólks. Þetta þýðir þó ekki að árlegar launabreytingar hafi ekki áhrif á samkeppnishæfni. Að viðhalda samkeppnishæfni er ávallt viðkvæm jafnvægislist milli kostnaðar, gæða og framleiðslumöguleika. Í framtíðinni verða Norðurlöndin að helga sig enn meira en nú skilvirkri og háþróaðri framleiðslu sem er efst í virðiskeðjunni.

### Menntun og aðlögunarhæfni

Forsendur þess að fyrirtæki á Norðurlöndum nái að viðhalda samkeppnishæfni sinni í framtíðinni eru vel menntað starfsfólk, aukin áhersla á rannsóknir og þróunarstarf og skilvirkar og háþróaðar framleiðsluáferðir. Starfsfólk á Norðurlöndum verður að vera meðal þess skilvirkasta og best menntaða í heiminum. Jafnframt er menntun veigamesti þátturinn í því að stuðla að því að þeir sem veikast standa á vinnumarkaðnum fái störf.

### **Sveigjanleiki á vinnumarkaði**

Norðurlönd verða að vera á meðal þeirra svæða í heiminum þar sem aðlögunarhæfni vinnumarkaðarins er mest. Vinnumarkaðirnir verða að vera sveigjanlegir með liprum ráðningar- og uppsagnarskilmálum, hvatning þarf að vera mikil til að vera í vinnu og mennta sig og skattlagning launafólks og fyrirtækja þarf að vera aðlaðandi.

Tilflutningur sumra starfa til annarra landa leysir ekki aðsteðjandi vanda af völdum skorts á hæfu starfsfólki. Í nánustu framtíð mun sífellt færri ungt fólk standa undir framfærslu aukins fjölda eldri borgara. Hagvöxtur og velmegun mun óhjákvæmilega minnka nema að það takist að auka atvinnu og framleiðni. Þetta krefst tvíþættrar stefnumörkunar. Skilyrði fyrir fjárfestingum í störfum með mikla framleiðni á Norðurlöndum þurfa að vera hagstæð og nægilega margt starfsfólk verður að búa yfir allri þeirri mismunandi þekkingu og hæfni sem spurn verður eftir þannig að mönnun starfanna gangi vel.

### **Norðurlönd verða að breyta skattkerfum sínum**

Háir tekjuskattar standa í vegi þess að Norðurlönd verði heimasetur framleiðslu og þróunar sem byggist á þekkingu og hátækni. Norðurlöndin búa við einhverjar mestu skattbyrðar heimsins og það dregur úr vinnuframlagi, einkum hreyfanlegs, hámenntaðs og hálaunaðs starfsfólks. Slíkar aðstæður gera það áhugaverðara fyrir fyrirtæki að staðsetja þekkingarfreka starfsemi á borð við rannsóknir og þróunarstarf í ríkjum þar sem tekjuskattar, og þar með starfsmannakostnaður, eru lægri en á Norðurlöndum. Ef sú stefnumörkun, að auka hlutdeild hámenntaðs starfsfólks og framleiðinna starfa, á að skila árangri þá er nauðsynlegt að gera skattkerfi Norðurlanda áhugaverðari fyrir mjög hæft starfsfólk.

Loks þarf að vera meiri munur á milli launatekna og bótagreiðslna hins opinbera. Skattkerfið og tekjutilfærslukerfi hins opinbera verður að stilla af þannig að þau dragi ekki úr hvatningu fólks til starfa.

### **Meiri rannsóknir og þróunarstarf**

Mjög mikilvægt er að fyrirtæki hafi aðgang að opinberum rannsóknarstofnunum sem styrki langtíma uppbyggingu þekkingar. Því verða Norðurlönd að byggja upp rannsóknarmiðstöðvar af nægilegri stærð til þess að standast samjöfnuð við það sem gerist í Bandaríkjunum og Austurlöndum fjær, og efla samstarfsverkefni einka- og opinberra aðila.

Það er mikilvægt fyrir öll Norðurlöndin að búa svo um hnútana að fyrirtæki séu hvött til fjárfestinga í rannsóknum og þróunarstarfi. Norðurlöndin myndu hagnast á því að auka hvatningu og tækifæri fyrir einkaaðila á sviði rannsókna og þróunarstarfs.

Norðurlöndin þurfa að vera leiðandi í því að skilja þarfir neytenda. Sambland tæknilegrar nýsköpunar sem knúin er af bæði rannsóknum og þörfum neytenda skapar skilvirkustu rannsóknirnar. Ekki ber að líta þannig á að þessar tvær nálganir við nýsköpunarstarf útliloki hvor aðra, heldur ber að hafa báðar að leiðarljósi. Þá ber að stuðla að auknum samskiptum milli menntastofnana og fyrirtækja.

### **Styrking innviða fjármálamarkaðarins**

Fjármálamarkaðir Norðurlanda og Evrópu hafa enn ekki verið gefnir alveg frjálssir og fjármálamarkaðir Norðurlandanna hafa enn ekki verið fullkomlega samhæfðir. Enn eru við lýði mismunandi lög, reglugerðir, skattar, bókhaldsreglur og reglur um neytendavernd sem standa í vegi fullrar samhæfingar. Að mati OECD er þörf fyrir endurbætur í öllum

Evrópuríkjum ef full samhæfing á að nást á fjármálamörkuðum Evrópu en það er forsenda fyrir jafn skilvirkum fjármálamarkaði og í Bandaríkjunum.

### **Aftenging útgjalda hins opinbera og einkaaðila**

Hagvöxtur leiðir til aukinnar velmegunar og gefur færi á auknum útgjöldum til velferðarmála. Norðurlöndin hafa hins vegar hannað velferðarkerfi sín þannig að bæði tekjutilfærslur hins opinbera og samneysla vaxa í sama hlutfalli og launatekjur sem felur í sér að gjöld hins opinbera vaxa umfram tekjurnar ef ekkert er að gert. Hagvöxtur ætti að geta leyst þessi jafnvægisvandamál en ákveðinn galli í velferðarkerfinu dregur úr hagvexti. Taka ætti úr sambandi þær tengingar sem eru á milli opinberra útgjalda og vaxtar í einkageiranum. Einnig ætti að fela einkafyrirtækjum stærra hlutverk við veitingu velferðarþjónustu, þótt þjónustan verði áfram fjármögnuð með sköttum.

Verkefnið er að skapa nægilega góð vaxtarskilyrði fyrir fyrirtæki í hnattrænu hagkerfi þar sem þekkingin er mikilvægasta hráefnið og fjárfesting í hátækni er ómissandi hvati.

Verðmætasköpun fyrirtækja er grundvöllur þess að þjóðfélagið geti fjármagnað velferðarútgjöldin sem hið opinbera deilir út á meðal borgaranna.

### **Sköpun nýrra markaðstækifæra**

Þeim ríkjum hefur fjölgað mikið sem teljast mikilvægir vaxtarmarkaðir og það verður sífellt mikilvægarara fyrir fyrirtæki á Norðurlöndum að hasla sér völl á þessum mörkuðum, ekki aðeins til að selja vörur eða þjónustu heldur einnig í þeim tilgangi að útvista eða „innvista“, framleiða, afla þekkingar og stunda rannsóknir og þróast heima fyrir.

Það er mikilvæg forsenda fyrir velgengni fyrirtækja á Norðurlöndum, í andrúmslofti harðrar samkeppni, að þau geti nýtt sér alla þekkta möguleika til þess að auka hagkvæmni í rekstri, þ.m.t. útvistun, í því skyni að standa sig á heimsmarkaði.

Þá er mikilvægt að alþjóðastofnanir á borð við WTO og ESB haldi áfram að stuðla að frjálsum markaðsaðgangi fyrir fyrirtæki og frjálsu og öruggu umhverfi fyrir fjárfestingar og aðra starfsemi fyrirtækja um heim allan. Að mati þeirra Norðurlanda sem eiga aðild að ESB er þörf á öflugu og ákveðnu ESB til að berjast fyrir og tryggja sameiginlega hagsmuni evrópskra fyrirtækja í heiminum öllum.

### **Hvernig á að mæta áskorun hnattvæðingarinnar?**

Þróunin á heimsmarkaði er hröð og þau ríki sem keppa við Norðurlönd þyrstir í að ná góðum árangri. Af þeim sökum er brýnt að Norðurlönd betrubæti kerfislægar forsendur fyrir vexti fyrirtækja og verðmætasköpun með það að markmiði að þau verði áfram samkeppnisfær og í fremstu röð í heiminum. Norðurlöndin verða að leggja áherslu á mikla framleiðni, nægilegt framboð af hæfu starfsfólki og vel heppnaða hlutdeild í alþjóðlegri verkaskiptingu í öllum sínum tilbrigðum. Þetta er grundvöllur vaxtar og velmegunar í samkeppni á heimsvísu. Í þessu samhengi er við hæfi að vitna í Dr. Martin Neil Baily, efnahagsráðgjafa Bills Clintons fyrrverandi Bandaríkjaforseta, sem sagði: „Uppskriftin að langtíma hagvexti er einföld: Aukið fjölda starfa á vinnumarkaði og skapið forsendur fyrir aukinni framleiðni þeirra“.

Norrænu ríkjunum hefur tekist tiltölulega vel að nýta þau tækifæri sem hnattvæðingin hefur upp á að bjóða. Í ljósi þess að alþjóðleg verkaskipting eykst stöðugt eiga Norðurlöndin það á hættu að dragast aftur úr við aðlögun að sveigjanlegu og hnattrænu hagkerfi byggðu á þekkingu, í samanburði við mörg önnur þróuð ríki.

Ef hnattvæðingunni er mætt með réttu hugarfari og bestu skilyrði eru sköpuð fyrir rekstur fyrirtækja við nýjar, alþjóðlegar markaðsaðstæður - þá geta fyrirtæki á Norðurlöndum hagnýtt sér þau tækifæri sem hnattvæðingin hefur upp á að bjóða og orðið í fremstu röð í heiminum.

## Uppskriftin að velgengni Norðurlanda á heimsvísu

Forsenda þess að Norðurlöndin haldi áfram að vaxa og dafna er að atvinnulífinu þar verði búin hagstæð skilyrði. Samtök atvinnurekenda á Norðurlöndum hafa því lagt fram eftirfarandi tillögur að bættu starfsumhverfi norrænna fyrirtækja. Verði þeim hrint í framkvæmd styrkist samkeppnisstaða fyrirtækjanna og Norðurlandanna, í sífellt harðandi heimi alþjóðlegrar samkeppni. Framtíð okkar hvílir á öfluggu, traustu atvinnulífi, sem skarar fram úr og hefur frelsi til athafna. Uppskriftin að velgengni felst í eftirfarandi þáttum:

- Skapa þarf og viðhalda sveigjanlegum vinnumörkuðum til þess að tryggja snurðulausan og skilvirkan tilflutning fólks milli starfa.
- Skapa þarf sterka hvatningu til að vinna og mennta sig.
- Þetta krefst aðlaðandi skattalegs umhverfis fyrir starfsfólk og fyrirtæki. Norðurlönd búa við einna þyngstu skattbyrðina í heiminum. Það dregur úr hvatanum til að vinna, einkum hjá hreyfanlegu, vel menntuðu og hátt launuðu starfsfólki. Það leiðir til þess að fyrirtæki hneigjast til þess að staðsetja þekkingarmiðstöðvar sínar annars staðar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta skattkerfunum í þá veru að það verði eftirsóknarverðara fyrir hæfileikaríkasta starfsfólkið að starfa og búa á Norðurlöndunum. Háir jaðarskattar, ásamt örlátum bótakerfum, eru sökudólgarnir í minnkandi hvatningu til þess að vinna.
- Setja þarf rannsóknir, þróunar- og nýsköpunarstarf fremst í forgangs röðina. Auka þarf áherslu á rannsóknir og þróunarstarf að frumkvæði fyrirtækja.
- Tryggja þarf að launabreytingar verði í samræmi við framleiðniþróun. Laun á Norðurlöndum eru meðal þeirra hæstu í heiminum vegna mikilla launabreytinga á fyrri árum og það veldur skertri samkeppnisstöðu gagnvart helstu keppinautum.
- Auka þarf bilið á milli tekjutilfærslna hins opinbera og vinnulauna eftir greiðslu tekjuskatta.
- Bæta þarf umhverfi fyrir fjárfestingar og bæta með því skilyrði fyrir uppbyggingu nýrra fyrirtækja. Það myndi einnig gera Norðurlönd að aðlaðandi fjárfestingarkosti fyrir erlenda fjárfesta og fjárfestingar í hátækni. Norðurlönd ættu að leggja áherslu á hlutleysi í skattlagningu fjármagnstekna, einkum með því að afnema eignarskatta og lækka fjármagnstekjuskatt, en hvort tveggja stuðlar að auknum fjárfestingum og auknu framboði áhættufjármuna.
- Hnattvæðing og tækniframfarir hafa það í för með sér að þau nýju störf sem skapast kalla sífellt á aukna þekkingu og færni en þau störf sem færast annað eða hverfa. Í framtíðinni þurfa Norðurlöndin því að leggja aukna áherslu á framleiðsluvörur ofar í virðiskeðjunni, þar sem þekking og framleiðni gegna lykilhlutverkum. Þetta kallar á mikla menntun og framleiðni starfsfólks.